

## Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 1,7 milljörðum króna í ágúst, en þar af voru um 1,6 milljarðar króna vegna almennra lána. Samtals námu útlán á fyrstu átta mánuðum ársins 2010 rúmum 16,5 milljörðum króna samanborið við rúmlega 21,4 milljarða á sama tímabili ársins 2009. Meðalútlán almennra lána voru um 10,1 milljón króna í ágúst en um 10 milljónir í júlí síðastliðnum.


Hinn 6. ágúst hélt Íbúðalánasjóður fimmta útboð íbúðabréfa á árinu 2010. Alls bárust gild tilboð að nafnvirði 12,588 milljarðar króna og ákveðið var að taka tilboðum að nafnvirði 2,64 milljörðum króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfnumni 3,45% án þóknunar, 2,26 milljarðar króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfnumni 3,45% án þóknunar og 5,19 milljarðar króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfnumni 3,46% án þóknunar. Vegin heildarávöxtunarkrafa tekinna tilboða án þóknunar var 3,45% og 3,47% með þóknun. Stjórn Íbúðalánasjóðs lagði til við félags- og tryggingamálaráðherra að hækka vaxtaálag sjóðsins um 0,10% og féllst ráðherra á þá tillögu. Íbúðalánasjóður ákvað í kjölfar útboðsins að útlánvextir héldust óbreyttir og eru þeir því áfram 4,50% með uppgreiðsluákvæði og 5,00% án uppgreiðsluákvæðis, en ákvörðunin tók gildi 9. ágúst sl.

Árshlutauppgjör Íbúðalánasjóðs var birt 26. ágúst. Tap varð af rekstri sjóðsins á fyrstu sex mánuðum ársins að fjárhæð 1,680 milljarðar kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í lok júní nam 8,4 milljörðum kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um Íbúðalánasjóð var 2,1% í lok júní 2010 og er hlutfallið reiknað með sama hætti og eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja. Vanskil hafa aukist á árinu 2010 og voru 6,3% lántakenda sjóðsins með einn eða fleiri gjaldþega í vanskilum í lok júní 2010 samanborið við 5,3% lántakenda í árslok 2009.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 65 milljörðum króna í ágúst samanborið við um 34 milljarða í júlí. Það sem af er ári hefur heildarvelta íbúðabréfa numið rúmum 439 milljörðum króna miðað við um 630 milljarða á sama tímabili í fyrra.



Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði í ágúst um 52 til 131 punkt eftir flokkum. Frá áramótum hefur ávöxtunarkrafa lækkað um 62 til 90 punkta eftir flokkum.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu tæpum 9,3 milljörðum króna í ágúst, en þær voru að mestu vegna afborgana íbúðabréfa. Uppgreiðslur lána Íbúðalánasjóðs í ágúst námu rúmum 1,9 milljörðum króna.



Flokkur	Júní 2010	Júlí 2010	Ágúst 2010	Meðal-lifftími	Nafn- verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	3,00%	3,39%	2,08%	2,0	70,7	35,1
HFF24	3,55%	3,55%	2,91%	6,5	161,0	121,1
HFF34	3,49%	3,47%	2,95%	10,5	168,5	148,0
HFF44	3,43%	3,48%	2,92%	14,3	256,6	237,9

\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallifftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok ágúst '10. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafrýrgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.



## Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2010				
Í milljörðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2010	Raun Jan-ágú 2010
Útgáfa íbúðabréfa	10 - 12	10,1	42 - 50	34,8
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	4,5	25 - 33	16,5
Greiðslur ÍLS	14 - 16	9,6	65 - 73	50,4

Tölur í milljörðum króna

Endurskoðuð áætlun 2010					
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán ÍLS	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33
Greiðslur ÍLS	15-17	20 - 22	14 - 16	16-18	65 - 73

Tölur í milljörðum króna

